



13. fundur stjórnar Félags háskólakennara 2024/2025
haldinn miðvikudaginn 2. apríl 2025
haldinn í Öskju í stofu VAÐ kl. 11:45

Fundinn sátu:

Baldvin Zarióh formaður, Jens Guðmundur Hjörleifsson varaformaður, Íris Davíðsdóttir, Íris Hrönn Guðjónsdóttir, Ármann Höskuldsson, Katrín Pálmadóttir Þorgerðardóttir og Kolbeinn Hólmar Stefánsson.

Ragna Kemp Haraldsdóttir, boðaði forföll.

Helga Birna Ingimundardóttir framkvæmdastjóri Fh skrifaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Fundargerð stjórnarfundar Félags háskólakennara, dags. 5. mars 2025
2. Samráðsnefndarfundur 21. mars 2025.
 - námsleyfi.
 - nýdóttarar.
 - HERA.
 - Breyting á reglum vinnumatssjóðs.
3. Fundur með FPR og FHA, vegna bókunar um virðismats starfa.
4. Matkerfisnefnd.
5. Fréttir af BHM,
 - aðalfundur BHM 15. maí 2025.
6. Aðalfundur Félags háskólakennara verður haldinn 12. maí nk. kl. 15, í Norræna húsinu.

1. Fundargerð, febrúar 2025

Fundargerðin var samþykkt, ath staðsetningu fundarins var í Vað ekki í B27.

2. Samráðsnefnd, 21. mars 2025

Baldvin sagði frá fundinum. Þar var m.a. rætt um:

- Verklagsreglur um námsleyfi. Hí hefur hugmyndir um breytingar á verklagsreglunum sem félagið telur að þengi rétt starfsfólks. Félagið hefur gert skriflegar athugasemdir við breytingarnar, en svo virðist sem Hí muni leggja þær óbreyttar fyrir háskólaráðsfund með vorinu.

Málið rætt. Ákveðið var að félagið sendi erindi til fulltrúa starfsfólks í háskólaráði um að fresta ákvarðanatöku nýrra reglna þar til nýr rektor hefur hafið störf.

- Hí hefur kynnt hugmyndir að nýrri launasetningu nýdóttora, sem felur m.a. í sér að launatafla stjórnsýslu verði notuð ásamt því að störf nýdóttora verði metin í starfsmatskerfi HERU. Engin ákvörðun hefur verið tekin.

- Vinna við upptöku nýs starfsmatskerfi HERU hefur verið í fullum gangi. Ljóst að er einhver töf verður á endanlegri mynd mv. dagsetningu, 1. apríl 2025, sem fram kemur í viðauka stofnanasamnings dags. 16. sep. 2024. Málið hefur verið til umfjöllunar innan stjórnssýslu HÍ þar sem hugmyndum að nýju kerfi hefur verið vel tekið en skýrt tekið fram að takmarka þurfi kostnað við upptöku kerfisins.
Félag háskólakennara hefur lýst vonbrigðum sínum með að upptaka kerfisins stýrist af fjármagni fremur en möguleikum á gæðum kerfisins. Af þeim sökum hefur félagið lagt til að kerfið verði að fullu tekið upp í skerfum. Félagið hefur einnig lagt áherslu á að HÍ kynni kerfið vel fyrir starfsfólki, þegar það verður tekið upp og jafnhliða upptöku þess starfi áfrýjunarnefnd sem getur tekið fyrir vafa- og ágreiningsmál á innleiðingarferlinu.
- Tillaga sem félagið hefur lagt til á breytingu á orðalagi 5. greinar reglna um vinnumatssjóðs hefur verið samþykkt og verður lögð fyrir háskólaráð. Tillagan gengur út á að skrifa í reglurnar verklag við greiðslur við starfslok starfsfólks vegna lífeyristöku.

3. Fundur með FPR og FHA

BZ sagði frá fundi sem ríkissáttasemjari boðaði félögin á vegna hugmynda að mögulegri bókun um virðismat starfa í væntanlegum kjarasamningi FPR og SNR.

4. Matskerfisnefnd

Jens sagði frá fundi sem nefndin átti 1. apríl sl. Á fundinum var m.a. rætt um tillögur sem nefndinni barst um áherslubreytingar á matskerfi op. háskólanna. Nefndin ákvað að fresta umræðunni en mun halda fund í haust með kjarafélögunum til að kynna og ræða tillögurnar.

5. Fréttir af BHM

Rætt um aðalfund BHM og fyrirkomulag.

6. Aðalfundur Fh

Rætt lítillega um aðalfund Fh.

Fundi lauk kl. 13:15. Næsti fundur 7. maí kl. 11:45